

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 – 2000

14. apríl 2000

575

Nr. 278

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Sundlaugavegur 34.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 14. apríl 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felur í sér að landnotkun á lóðinni Sundlaugavegur 34 verði breytt úr opnu svæði til sérstakra nota yfir í athafnasvæði þar sem ekki er gert ráð fyrir annarri starfsemi en gistiheimili, skrifstofum og þjónustu við útivistarsvæðið í Laugardal.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 14. apríl 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

14. apríl 2000

Nr. 279

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Suðureyrar 1983-2003, á Eyrinni við Aðalgötu og neðan hennar, Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 14. apríl 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Suðureyrar 1983-2003 frá 10. september 1984.

Breytingar eru eftirfarandi:

- landnotkun lóða við Aðalgötu breytist úr reiti fyrir íbúðir, verslun og þjónustu og opinberar byggingar yfir í miðsvæði sbr. gr. 4.4. í skipulagsreglugerð,
- verslunar og þjónustureitur nýrst á Eyrinni stækkar,
- reitur fyrir opinberar stofnanir við Eyrargötu verður íbúðasvæði,
- gatnakerfi neðan Eyrargötu breytist,
- iðnaðar- og atvinnurekstrarsvæði breytist í athafnasvæði og hafnarsvæði neðan Eyrargötu,
- íbúðasvæði stækkar neðan Eyrargötu.

Taka skal tillit til flóðbylgna af völdum snjóðflóða við hönnun mannvirkja á hafnar-svæðinu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 14. apríl 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Gutenberg